



HRUNAMANNAHREPPUR

9. FUNDUR SVEITARSTJÓRNAR

KJÖRTÍMABILIÐ 2018 – 2022 2. FUNDUR ÁRSINS

VAR HALDINN FIMMTUDAGINN 7. FEBRÚAR 2019

KL. 14.00 Í RÁÐHÚSINU FLÚÐUM

Árið 2019, þann 7. febrúar kom sveitarstjórn Hrunamannahrepps saman til fundar kl. 14:00 í Ráðhúsi sveitarfélagsins á Flúðum. Eftirtaldir sátu fundinn: Halldóra Hjörleifsdóttir, Sigurður Sigurjónsson, Kolbrún Haraldsdóttir, Bjarney Vignisdóttir, Jón Bjarnason og Jón G. Valgeirsson sveitarstjóri, sem skráði fundargerð. Halldóra Hjörleifsdóttir setti fund og stjórnaði honum. Hún bauð fundarmenn velkomna og óskaði eftir athugasemdum við fundarboð. Engar athugasemdir voru gerðar.

Gengið til dagskrár:

Erindi til sveitarstjórnar:

- Lögreglustjórinn á Suðurlandi: Staða lögreglunnar og almannavarna.**

Á fundinn mæta Kjartan Þorkelsson, lögreglustjóri og Oddur Árnason, yfirlögregluþjónn og fara yfir stöðu lögreglunnar og almannavarna í umdæmi lögreglustjórans á Suðurlandi. Sveitarstjórn þakkar Kjartani og Oddi fyrir góða yfirferð um málefnið.
- Atvinnuvega- og nýsköpunarráðuneytið: Áfangastaðaáætlanir.**

Oddviti kynnti erindi frá ferðamála-, iðnaðar- og nýsköpunarráðherra þar sem lögð er fram áfangastaðaáætlun Suðurlands 2018-2021. Sveitarstjórn vísar málinu til kynningar í atvinnu-, ferðamála- og menningarnefnd Hrunamannahrepps. Jafnframt liggur fyrir erindi frá Markaðsstofu Suðurlands þar sem boðist er til að hafa fund með sveitarstjórnarfólki þar sem áfangastaðaáætlunin væri kynnt því. Sveitarstjórn felur oddvita/sveitarstjórn að finna heppilega tímasetningu fyrir slíka kynningu.
- Stýrihópur um heilsueflandi samfélag.**

Oddviti fór yfir málið. Sveitarstjórn skipar sex manna stýrihóp í verkefnið. Í hópinn eru skipaðir fyrir hönd Lýðheilsu- og æskulýðsnefndar, Guðríður Eva Þórarinsdóttir, Heimir Sigurðsson og Sigfríð Lárusdóttir og til vara Bogi Pétur Eiríksson, Elma Jóhannsdóttir og Hrund Pálsdóttir. Fyrir hönd ungmennaráðs Hrunamannahrepps er skipaður Nói Mar Jónsson og til vara Mathias Bragi Ölvisson. Fyrir hönd öldungarráðs Hrunamannahrepps Halldór Guðnason og til vara Anna Ipsen. Fyrir hönd sveitarstjórnar er skipuð Halldóra Hjörleifsdóttir og til vara Sigurður Sigurjónsson.
- Reiðhöllin á Flúðum. Skipan stjórnar.**

Oddviti kynnti erindi frá stjórn Reiðhallarinnar á Flúðum ehf þar sem farið var yfir breytingar á stjórn Reiðhallarinnar á næsta aðalfundi. Þar sem mikil endurnýjun er í stjórn hefur sveitarstjórn óskað eftir því að Kristófer Tómasson gegni áfram stjórnarsetu f.h. sveitarfélaganna í eitt ár sem hann hefur samþykkt.
- Kennarasamband Íslands: Forkaupsréttur Ásabyggð 41, 42 og 43.**

Oddviti kynnti beiðni frá Kennarasambandi Íslands þess efnis að Hrunamannahreppur falli frá forkaupsrétti sínum að sumarhúsum að Ásabyggð 41, 42 og 43 en eldri hús voru seld af lóðunum og ný byggð í staðinn. Sveitarstjórn samþykkir að falla frá forkaupsrétti sínum að fasteignunum Ásabyggð 41, fastanúmer 220-4149, Ásabyggð 42, fastanúmer 220-4150 og Ásabyggð 43, fastanúmer 220-4151.
- Stofnun Árna Magnússonar í íslenskum fræðum: Könnun um nöfn á nýbýlum o.fl.**

Oddviti kynnti beiðni frá Stofnun Árna Magnússonar um nöfn á nýbýlum og breytingar á nöfnum býla frá og með 17. mars 2015 þegar ný lög um örnefni tóku gildi. Sveitarstjórn vísar málinu til starfsmanna UTU bs. til samantektar.

7. **Samþykkt fyrir ungmennaráð Hrunamannahrepps: Breytingar.**
Oddviti kynnti breytingar á samþykktum fyrir ungmennaráð Hrunamannahrepps. Helstu breytingar er að aldursviðmið er hækkað í 21 ár, breytingar á skipunartíma og að ráðið verði launað. Sveitarstjórn samþykkir breytingarnar.
8. **Sýslumaðurinn á Selfossi: Umsagnarbeiðni vegna rekstrarleyfi fyrir Hótel Flúðir.**
Oddviti kynnti umsagnarbeiðni frá Sýslumanninum á Suðurlandi vegna umsóknar um rekstrarleyfi fyrir Hótel Flúðir. Sveitarstjórn samþykkir ofangreinda beiðni fyrir sitt leyti.
9. **Stjórnskipunar- og eftirlitsnefnd Alþingis: Umsagnarbeiðni um frumvarp til laga um breytingu á lögum um kosningar til sveitarstjórna (kosningaaldur).**
Oddviti kynnti umsagnarbeiðni frá stjórnskipunar- og eftirlitsnefnd Alþingis um frumvarp til laga um breytingu á lögum um kosningar til sveitarstjórna. Þar er lagt til að kosningaaldur í sveitarstjórnarkosningum verði færður niður í 16 ár. Sveitarstjórn vísar málinu til umfjöllunar í ungmennaráði Hrunamannahrepps og lýðheilsu- og æskulýðsnefnd.
10. **Velferðarnefnd Alþingis: Umsagnarbeiðni um tillögu til þingsályktunar um mótun stefnu sem eflir fólk af erlendum uppruna til þátttöku í íslensku samfélagi.**
Oddviti kynnti umsagnarbeiðni frá velferðarnefnd Alþingis um tillögur til þingsályktunar um mótun stefnu sem eflir fólk af erlendum uppruna til þátttöku í íslensku samfélagi.
11. **Velferðarnefnd Alþingis: Umsagnarbeiðni um frumvarp til laga um breytingu á lögum um málefni aldraða.**
Oddviti kynnti umsagnarbeiðni frá velferðarnefnd Alþingis um frumvarp til laga um breytingu á lögum um málefni aldraðra.
12. **Landgræðslufélag Hrunamannahrepps. Skipun fulltrúa.**
Oddviti fór yfir að Bjarni Valur Guðmundsson og Benedikt Kristinn Ólafsson hafi óskað eftir því að hætta sem aðal- og varamenn sveitarfélagsins í stjórn Landgræðslufélags Hrunamannahrepps. Sveitarstjórn samþykkir að leitað verði eftir einstaklingum til að taka sæti þeirra. Sveitarstjórn þakkar þeim Bjarna Val og Benedikt fyrir góð störf.
13. **Hrunaljós: Gjaldskrá.**
Oddviti kynnti tillögu að breytingum á gjaldskrá fyrir Hrunaljós. Í breytingunni er m.a. gert ráð fyrir að tekið verði upp gjald fyrir línuleigu og skápaleigu. Sveitarstjórn samþykkir gjaldskrána.
14. **Forsætisráðuneytið: Sveitarfélögin og heimsmarkmiðin.**
Oddviti kynnti erindi frá forsætisráðuneytinu þar sem vakin er athygli sveitarfélagana á heimsmarkmiðum Sameinuðu þjóðanna.
15. **Íbúafundur um úrgangsmál.**
Ákveðið hefur verið að halda íbúafund þriðjudaginn 12. febrúar n.k. kl. 17:00 í Félagsheimili Hrunamanna um úrgangsmál.

Fundargerðir v. nefnda Hrunamannahrepps:

16. **Öldungaráð: Fundargerð 6. fundar frá 7. janúar s.l.**
Oddviti kynnti fundargerð 6. fundar öldungaráðs. Rætt var að hafa fasta fundartíma og upplýst að Áslaug Guðný Unnsteinsdóttir einkaþjálfari var fengin til að aðstoða eldri borgara í íþróttahúsi og tækjasal. Lögð fram til kynningar.
17. **Öldungaráð: Fundargerð 7. fundar frá 21. janúar s.l.**
Oddviti kynnti fundargerð 7. fundar öldungaráðs. Ákveðinn var fastur fundartími og lagt til að sveitarfélagið útbúi kynningarefni um þjónustu félagsþjónustunnar fyrir íbúa. Lagt fram til kynningar.
18. **Umhverfisnefnd Hrunamannahrepps: Fundargerð 4. fundar frá 23. janúar s.l.**
Oddviti kynnti fundargerð 4. fundar umhverfisnefndar. Farin var skoðunarferð á gámasvæðið á Flúðum og rætt um endurskoðaða samþykkt um meðhöndlun úrgangs í Hrunamannahreppi. Þá var farið yfir innleiðingu á nýjum flokkunarmöguleikum, rætt um fræðslu til starfsmanna, íbúa, fyrirtækja og frístundabyggða og framtíð grenndarsvæða. Nefndin vekur athygli á þeim breytingum sem þurfa að eiga sér stað á gáma- og grenndarsvæðinum.

Sveitarstjórn tekur undir þau atriði sem nefndin fjallaði um og felur sveitarstjóra að vinna áfram að þeim hugmyndum sem þar koma fram.

19. Landbúnaðarnefnd: Fundargerð 7. fundar frá 11. janúar s.l.

Oddviti kynnti fundargerð 7. fundar landbúnaðarnefndar. Farið var yfir fjallaskálamálin með rekstaraðilum fjallaskálanna á afréttinum. Þá var rætt um breytingar á flokkun sorps sem þarf að ná til fjallaskála, stofnun lóða á afréttinum og girðingar- og vegamál á afréttinum. Sveitarstjórn samþykkir fundargerðina.

20. Atvinnu-, ferða- og menningarnefnd: Fundargerð 5. fundar frá 27. desember s.l.

Oddviti kynnti fundargerð 5. fundar atvinnu, ferða- og menningarnefndar. Farið var yfir atvinnustefnu Hrunamannahrepps, rætt um gönguferðir komandi sumars og verslunarmannahelgina 2019. Sveitarstjórn samþykkir fundargerðina.

21. Ungmennaráð: Fundargerð 3. fundar frá 22. janúar s.l.

Oddviti kynnti fundargerð 3. fundar ungmennaráðs Hrunamannahrepps. Þar var fjallað um tillögu að breytingum á samþykktum ungmennaráðsins, málþing SASS og Ungmennaráðs Árborgar, sameiginlegan fund með ungmennaráðum í Uppsveitum, kynning á þingi um málefni barna í nóvember og rædd þátttaka ungmennaráðs í stýrihópi varðandi heilsueflandi samfélag og að lokum farið yfir hugmyndir ungmennaráðs. Lagt fram til kynningar.

22. Veitustjórn: Fundargerð 5. fundar frá 28. janúar s.l.

Oddviti kynnti fundargerð 5. fundar frá 28. janúar s.l. Guðmundur Daníelsson verkefnisstjóri Hrunaljóss mætti og fór yfir stöðuna hjá Hrunaljósi, rætt erindi frá Dream Holiday international ehf um endurskoðun á eldri vatnssamningum vegna uppbyggingu á lóni o.fl á Byggð á Bríkum og beiðni frá Kaffi Sel ehf um tengingar á heitu og köldu vatni vegna uppbyggingar ferðaþjónustu þar. Þá fór hitaveitustjóri yfir nauðsyn þess að endurnýja vatnslögn frá Götu að Ásatúni og kaup á pressuvél fyrir hitaveituna. Sveitarstjórn samþykkir fundargerðina.

23. Skólanefnd: Fundargerð 4. fundar nefndarinnar vegna Flúðaskóla frá 31. janúar s.l.

Oddviti kynnti fundargerð 4. fundar skólanefndar vegna Flúðaskóla. Rætt var um Skóla- og velferðarþjónustuna, farið yfir gátlista og önnur mál. Sveitarstjórn tekur undir áhyggjur skólanefndar um að aðkallandi sé að ráðinn verði sálfræðingur í skólþjónustuna eða öðrum úrræðum beitt til að vinna á biðlistum og samþykkir fundargerðina að öðru leyti.

24. Skólanefnd: Fundargerð 4. fundar nefndarinnar vegna Undralands frá 31. janúar s.l.

Oddviti kynnti fundargerð 4. fundar skólanefndar vegna Undralands. Farið var yfir skýrslu skólustjóra, gátlista, mótuneytismál og önnur mál. Sveitarstjórn lýsir ánægju sinni yfir því að starfsmenn leikskólans taki þátt í lífshlaupinu og samþykkir fundargerðina.

25. Vinnuhópur um uppbyggingu hjúkrunarheimilis: Fundargerð 2. fundar frá 15. janúar s.l.

Oddviti kynnti fundargerð 2. fundar. Hópurinn fór í vettvangsferð austur í Rangárvallasýslu og skoðuðu hjúkrunarheimilin á Kirkjuhvoli og Lundi. Lagt fram til kynningar.

Fundargerðir v. samstarfs uppsveita Árnessýslu:

26. Fundargerð 169. fundar Skipulagsnefndar frá 16. janúar s.l. og afgreiðsla byggingafulltrúa frá 19. desember s.l.

Oddviti kynnti fundargerð 169. fundar skipulagsnefndar frá 16. janúar og afgreiðslur byggingafulltrúa frá 19. janúar s.l. Afgreiðslur einstakra mála sem varðar Hrunamannahrepp eru eftirfarandi:

Mál nr. 28: Garðastígur 8: Deiliskipulagsbreyting.

Lögð var fram af hálfu Rarik tillaga að óverulegri breytingu á gildandi deiliskipulagi fyrir lóðina Garðastíg 8 á Flúðum. Breytingin felur í sér að út úr lóðinni Garðstíg 8 er áformað að stofna 56m² lóð undir spennistöð fyrir Rarik.

Sveitarstjórn gerir ekki athugasemd við afgreiðslu skipulagsnefndar og samþykkir tillöguna sem óverulega breytingu á gildandi deiliskipulagi skv. 2. mgr. 43. gr. skipulagslaga. nr. 123/2010. Ekki er talin þörf á grenndarkynningu. Skipulagsfulltrúa falið að senda Skipulagsstofnun tillöguna og birta auglýsingu um gildistöku tillögu í B-deild Stjórnartíðinda.

Mál nr. 29: Tungufell: Bygging vélageymslu. Fyrirspurn.

Lögð var fram fyrirspurn frá Félagsbúinu að Tungufelli í Hrunamannahrepp um hvort heimilt verði að byggja vélageymslu í landi Tungufells á þeim stað sem tilgreindur er á meðfylgjandi yfirlitsmynd. Ekki liggur fyrir deiliskipulag á svæðinu. Skipulagsnefnd synjaði fyrirhuguðum framkvæmdum, þar sem þær samræmdust ekki gildandi aðalskipulagi Hrunamannahrepps 2016-2032.

Sveitarstjórn óskar eftir því að umsækjandi skili inn frekari rökstuðningi og útfærslu á fyrirhugaðri framkvæmd.

Mál nr. 30: Efra-Sel: Deiliskipulag.

Lögð var fram að lokinni kynningu skv. 4. mgr. 40. gr. skipulagslaga nr. 123/2010 tillaga að deiliskipulagi sem nær til 2,8 ha svæðis á Efra-Seli, sem afmarkast af landmörkum milli Syðra-Sels og Efra Sels til vesturs. Innan reitsins er gert ráð fyrir uppbyggingu hótels en fyrir er golfskáli með veitingasal, tvær skemmur og fjögur íbúðarhús.

Sveitarstjórn gerir ekki athugasemdir við niðurstöðu skipulagsnefndar og samþykkir tillöguna og að hún verði auglýst skv. 1.mgr. 41.gr. skipulagslaga nr. 123/2010.

Mál nr. 31: Hrafnkelsstaðir1: Stofnun lóðar.

Lögð var fram umsókn eiganda Hrafnkelsstaða 1 um stofnun 7.237 fm íbúðarhúsaloðar, Hrafnkelsstaðir 1a, út úr jörðinni Hrafnkelsstaðir 1 L1667.

Sveitarstjórn gerir ekki athugasemdir við niðurstöðu skipulagsnefndar og samþykkir stofnun íbúðarhúsaloðar með fyrirvara um lagfært lóðablað í samráði við skipulagsfulltrúa og grenndarkynningu á því að á lóðinni verði byggt íbúðarhús. Ekki er gerð athugasemd við landskipti skv. 13. gr. jarðalaga.

Mál nr. 35: Afgreiðslur byggingarfulltrúa.

Lagðar fram til kynningar afgreiðslur byggingarfulltrúa frá 19. janúar s.l.

27. Fundargerð 170. fundar Skipulagsnefndar frá 30. janúar s.l. og afgreiðsla byggingarfulltrúa frá 23. janúar s.l.

Oddviti kynnti fundargerð 170. fundar skipulagsnefndar frá 30. janúar og afgreiðslur byggingarfulltrúa frá 23. janúar s.l. Afgreiðslur einstakra mála sem varðar Hrunamannahrepp eru eftirfarandi:

Mál nr. 11: Hrepphólar: Stofnun lóðar.

Lögð var fram umsókn Björgvins Ólafssonar um stofnun 5.653 fm íbúðarhúsaloðar um þegar byggt íbúðarhús úr jörðinni Hrepphólar L166767. Óskað er eftir að lóðin fái heitið Bali og dregur hún nafn sitt af hólnum Bala sem er rétt fyrir utan lóðina. Aðkoman að lóðinni er frá Skeiða- og Hrunamannavegi nr. 30 og um Hreppshólaveg nr. 3425.

Sveitarstjórn gerir ekki athugasemdir við niðurstöðu skipulagsnefndar og samþykkir stofnun lóðarinnar með fyrirvara um samþykki landeigenda aðliggjandi landeigna á hnitsetningu lóðarmarka. Ekki er gerð athugasemd við heitið Bali. Þá er ekki gerð athugasemd við landskipti skv. 13. jarðalaga.

Mál nr. 15: Afgreiðslur byggingarfulltrúa.

Lagðar fram til kynningar afgreiðslur byggingarfulltrúa frá 23. janúar s.l..

28. UTU bs: Fundargerð stjórnar frá 30. janúar s.l.

Oddviti kynnti fundargerð stjórnar UTU bs frá 30. janúar s.l. Þar fór fram kynning á skjala- og úttektarkerfinu One Land Robot. Sveitarstjórn samþykkir fundargerðina.

Fundargerðir v. samvinnu sunnlenskra sveitarfélaga:

- a. Sorpstöð Suðurlands: Fundargerð 275. fundar stjórnar frá 7. janúar s.l.**
Lagt fram til kynningar.
- b. Sorpstöð Suðurlands: Fundargerð 276. fundar stjórnar frá 17. janúar s.l.**
Lagt fram til kynningar.
- c. SASS: Fundargerð 542. fundar stjórnar frá 11. janúar s.l.**
Lagt fram til kynningar.
- d. Heilbrigðisnefnd Suðurlands: Fundargerð 193. fundar stjórnar frá 23. janúar s.l.**
Lagt fram til kynningar.
- e. Almannaþingir Árnassýslu: Fundargerð 1. fundar framkvæmdaráðs frá 18. desember s.l.**
Lagt fram til kynningar.

- f. Brunavarnir Árnæssýslu: Fundargerð 3. fundar stjórnar frá 12. nóvember s.l.**
Lagt fram til kynningar.
- g. Brunavarnir Árnæssýslu: Fundargerð 4. fundar stjórnar frá 31. janúar s.l.**
Lagt fram til kynningar.

Kynningarmál:

- h. Alda félag um sjálfbærni og lýðræði: Erindi.**
Lagt fram til kynningar.
- i. Samgöngu- og sveitarstjórnarráðuneytið: Ný reglugerð um Jöfnunarsjóð Sveitarfélaga.**
Lagt fram til kynningar.
- j. Umboðsmaður Barna: Þing um málefni barna.**
Lagt fram til kynningar.
- k. Hestamannafélagið Smári: Aðalfundargögn.**
Lagt fram til kynningar.
- l. Námsráðgjafi Uppsveita: Skipting kostnaðar.**
Lagt fram til kynningar.
- m. Samband íslenskra sveitarfélaga: Fundargerð 867.fundar stjórnar frá 25. janúar s.l.**
Lagt fram til kynningar.

Fundir framundan:

- n. Héraðsnefnd Árnésinga: Aukaaðalfundur 11. febrúar n.k.**
Lagt fram til kynningar.
- o. Landgræðslufélag Hrunamanna: Aðalfundur 20. febrúar n.k. á Flúðum.**
Lagt fram til kynningar.
- p. Samband íslenskra sveitarfélaga: Landsþing 29. mars n.k.**
Lagt fram til kynningar.

Fleiri ekki tekið fyrir, fundi slitið kl. 18.30.